

Tilkynning

frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu og úthlutun veiðileyfa árið 1983.

1. Aðalsöludagur veiðileyfa verður sunnudaginn 10. apríl. Skulu þeir, sem veiðileyfi ætla að fá, draga númer frá klukkan 10-12 f.h. og verða veiðileyfi afgreidd eftir þeim númerum frá klukkan 13.30 sama dag, í félagsheimilinu Röst. — 11. apríl verða þau veiðileyfi, sem óseld eru, seld til félagsmanna í félagsheimilinu Röst kl. 20.30-21.30.

2. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiá áður en númer er dregið og dregur þá einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum **skriflegt umboð** til að draga fyrir sig. Skytt er að greiða ársgjald (kr. 200) áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á helmingi keyþra veiðileyfa, og ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 1. júní, er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra.

Þeir félagsmenn, sem skráðir eru fyrir veiðileyfum á söludegi, eru ábyrgir, verði veiðileyfi selt til utanfélagsmanna.

3. Veiðileyfin verða seld eftir svipuðum reglum og undanfarin ár, þannig að menn hafa að nokkru leyti frjálst val í þeirri röð, sem afgreiðslunúmerin segja um, séu þeir mættir, er sala hefst og kemur að þeirra númerum. Óheimilt er að framselja afgreiðslunúmer til annarra félagsmanna. Verður því að skila aftur þeim afgreiðslunúmerum sem ekki eru notuð.

4. Engum félagsmanni verður úthlutað meira en 2 stangardögum í Flekkudalsá, 2 stangardögum í Fáskrúð og 1 stangardegi í Andakílsá, fyrsta söludag.

Í Fáskrúð verða 2 stangir á dag, 3 stangir á dag í Flekkudalsá og 2 stangir verða á dag í Andakílsá.

5. Komi upp ágreiningur um skilning á ofangreindum reglum, áskilur félagsstjórn sér rétt til að skera úr í hverju tilfalli, svo og að setja viðbótarreglur, telji hún það nauðsynlegt.

6. Sala veiðileyfa eftir söludag fer fram á skrifstofu Sjóváttryggingafélagsins að Suður götu 62, sími 2000.

SÖLUVERÐ VEIÐILEYFA 1983:

FLEKKUDALSÁ:

1. júlí til 2. ágúst	2.700
2. ágúst til 10. ágúst	2.300
10. ágúst til 20. ágúst	2.000
20. ágúst til 1. sept.	1.250
1. sept. til 11. sept.	850

ANDAKÍLSÁ:

25. júní til 30. júní	700
1. júlí til 10. júlí	1.000
11. júlí til 31. júlí	1.250
1. ágúst til 10. ágúst	1.000

11. ágúst til 19. ágúst	850
20. ágúst til 31. ágúst	700
1. sept. til 10. sept.	450
11. sept. til 20. sept.	400

FÁSKRÚÐ:

20. júní til 28. júní	1.900
28. júní til 6. júlí	2.200
6. júlí til 19. ágúst	2.600
19. ágúst til 31. ágúst	2.200
31. ágúst til 10. sept.	1.900
10. sept. til 20. sept.	1.500

Silungsveiðileyfi í Andakílsá kr. 100.

Stjórnin